



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

# Kynning á starfi MK

Fundur með forráðamönnum nýnema

4. sept 2018



# Hvað er INNA ?

- ✓ Upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla
- ✓ Þar er haldið utan um skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu, bókalista, próftöflu, námsferil, einkunnir og viðveru
- ✓ Forráðamenn hafa aðgang að INNU að 18 ára aldri nemandans og geta fylgst með viðveru og námsferli
- ✓ Veikindaskráning fer einnig fram í INNU fram til 18 ára aldurs (ekki þarf að skila læknisvottorði). Skráning veikinda þarf að fara fram samdægurs.



# Hvernig kemstu á Innu ?

- ✓ Fara inn á heimasíðu MK [www.mk.is](http://www.mk.is).
- ✓ Þar er INNU merkið hægra megin fyrir miðju sem opnar leið að kerfinu
- ✓ Hægt er að nota íslykil/rafræn skilríki. Einnig hægt að skrá inn kennitölu foreldris/forráðamanns og panta nýtt lykilorð. Lykilorðið kemur á það netfang foreldris sem nemandi gaf upp þegar hann sótti um skólavist
- ✓ INNA [www.inna.is](http://www.inna.is). – Nemi Jónsson



# Hvað er Moodle ?

- ✓ Moodle er kennsluumhverfi þar sem hver og einn áfangi hefur sitt svæði. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, próf, verkefnaskil, námsefni og ýmislegt varðandi dagleg samskipti kennara og nemenda
- ✓ Foreldrar/forráðamenn eru ekki með aðgang að þessu kerfi en geta fengið aðgangsorð og lykilorð hjá börnum sínum vilji þeir fylgjast með
- ✓ Foreldrar /forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með heimanámi og ástundun frá upphafi



# Mætingakerfið

- ✓ 90% lágmarks skólasókn yfir önnina
- ✓ Fari nemandi í 93% er send rafræn viðvörðun á nemanda og foreldri/forráðamann
- ✓ Leyfi eru veitt í undantekningartilfellum. Skila þarf inn leyfisbréfi sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans. Fjarvera er á ábyrgð foreldra/forráðamanna. Ekki gert ráð fyrir tilfærslu á verkefnum og prófum
- ✓ Á heimasíðu skólans er skóladagatal 2017-2018, þar má sjá prófatímabil, vetrarfrí, jólafrí, sumarfrí og fl.
- ✓ Nemendur undir 18 ára þurfa ekki að skila læknisvottorði – sjá veikindaskráningu í INNU



# Veikindaskráning

Eingöngu er hægt að skrá veikindi samdægurs.

The screenshot shows the INNA student portal interface. At the top, there is a navigation bar with the INNA logo, language options (IS / EN), and user information (H.H.E.). Below the navigation bar, there are several main panels:

- Stundatafla** (Schedule): A table showing the daily schedule for August 28th. It lists times, course codes, and room numbers.
- Nýjar fjarvistir** (New assignments): A list of assignments for August 26th, including course codes and room numbers.
- Tilkynningar** (Notifications): A list of notifications for August 27th and 25th, including course codes and room numbers.
- Áfangar** (Courses): A list of courses, including Danish and English courses.
- Próf** (Exams): A section for exams, currently showing "Engin próf skráð!" (No exams registered!).
- Verkefni** (Assignments): A list of assignments for September 23rd, 30th, and October 28th, including course codes and room numbers.
- NÁMSGAGNALISTI** (Course Evaluation List): A list of course evaluations.
- SKRÁ VEIKINDI** (Register Illness): A button for registering illness, highlighted with a blue arrow.
- MÖTUNEYTI** (Meeting Point): A button for meeting points.
- PRÓFTAFLA** (Exam Schedule): A button for exam schedule.
- HEIMAVINNA** (Homework): A button for homework.

At the bottom left, there is a **Minnislisti** (Remember list) section with a "Skoða sögu" (View history) button.



# Veikindaskráning frh.

Þar eru skráðar veikindatilkynningar ásamt því að setja inn athugasemd ef við á. Veikindatilkynning er send inn með því að smella á pennann og þá kemur upp tilkynning ef skráning tókst

The screenshot shows the INNA web application interface. At the top, there is a navigation bar with the INNA logo and menu items: Stundatafla, Verkefni/Próf, Áfangar, Námið, and a language selector (IS / EN). Below the navigation bar, there is a green header with a sad face icon and the text 'Skrá veikindi'. The main form area contains four input fields: 'Nemandi' (with a dropdown menu), 'Kennitala' (with a dropdown menu), 'Í dag' (with a date picker), and 'Athugasemd' (with a text area). A green 'Senda inn' button is located at the bottom left of the form.

Starfsmaður skólans þarf að samþykkja veikindaskráningu í gegnum Innu til þess að það færist inn í viðveruskráningu nemandans. Þegar veikindaskráning er staðfest þá sendist póstur á þann sem átti færsluna

**Vegna heimsóknna til læknis/tannlæknis o.fl geta nemendur komið með kvittun á skrifstofu skólans og þá er leyfi skráð**



# Grunndeild matvæla og ferðagreina GMF

- Námið er ætlað nemendum sem stefna að frekara námi í matvæla og ferðagreinum – 1. bekkur
- Námið er undirbúningur fyrir iðnnám í bakstri, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu.
- Námið er bæði bóklegt og verklegt. Mestur hluti þess fer fram í skóla en þó fara nemendur í 48 kennslustundir í starfskynningu/starfsþjálfun á vinnustað.





# Námið er tveggja anna nám, 63 einingar

Kjarnagreinar	Þrep	Verklegar faggreinar	Þrep	Þverfaglegar matvælagreinar	Þrep
Íslenska	1.-2.	Allar	1.	Matvælaöryggi	1.
Enska	1.-2.	Þjónustusamskipti	1.	Öryggismál og skyndihjálp	1.
Stærðfræði	1.-2.			Næringarfræði	2.
Íþróttir á báðum öðrum	1.			Nám og tölvur	1.



# Skipting áfanga á annir

1. önn	2. önn
Íslenska	Enska
Matvælaöryggi	Stærðfræði
Verklegt (Bakstur kg Kjötiðn)	Verklegt (Matreiðsla og Framreiðsla)
Næringarfræði	Verkleg þjálfun á vinnustað
Þjónustusamskipti	Þjónustusamskipti
Nám og tölvur	Öryggismál og skyndihjálp
Íþróttir	Íþróttir
31 fein	32 fein



# Starfskynning - GMF

Lengd starfsþjálfunar er ein vika sem fer fram á vorönn. Hún fer fram í fyrirtækjum sem hafa fjölbreytta faglega færni tengda þeim störfum sem um ræðir. Hér er átt við fyrirtæki í ferðapjónustu s.s. ferðaskrifstofur, hótél, kjötvinnslur, bakarí, veitingastaði o.fl. Í þeim fyrirtækjum sem það á við, er gerð krafa um að iðnmeistari eða sveinn í iðngrein annist starfskynninguna. Starfskynningin fer fram á mismunandi tímum allt frá mjög snemma að morgni til kvöldvakta sem geta staðið fram yfir miðnætti.



## Hvað tekur við ef nemendur kjósa að fara ekki á samning?

- Í framhaldi af brautinni geta nemendur farið í frekara nám að eigin vali. Áfanga af brautinni er hægt að meta inn á aðrar námsbrautir eftir því sem við á.
- Ef nemendur ákveða að halda áfram á bóknámsbraut þurfa þeir að sækja um skólavist gegnum menntagátt aftur.



# Námsmat

- Námsmat er fjölbreytt. Mikið um verkefnavinnu þar sem vinna og frammistaða nemandans á önninni er metin
- Próf eru frá 7. – 14. des. Próftafla verður birt í Innu og á heimasíðu skólans í október



# Umsjón

- ✓ Nemendur í grunndeild matvæla og ferðagreina eru með umsjónarkennara báðar annir. Tími er einu sinni í viku báðar annir vegna þess að þeir eru ekki í læsi.
- ✓ Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með námsferli, mætingum og námsvali. Hann hittir nemendur vikulega fyrstu önnina. Heldur utan um upplýsingagjöf til foreldra. Vísar málum til annarra í skólanum ef þörf er á



# Námsráðgjöf

Tveir náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann og er opið hjá þeim á skólatíma



# Praktískar upplýsingar

- ✓ Hafi nemandi greiningu um námsvanda er nauðsynlegt að koma þeim gögnum til námsráðgjafa. Skólinn hefur aðgang að talgervli ef einhverjir þurfa á að halda. Nemendur geta nýtt sér lengdan próftíma
- ✓ Nemendur fá skáp í byrjun skólaárs þar sem þeir geta geymt útiskó og námsgögn. Ekki er leyfilegt að vera í útiskóm í skólanum. Leiga á skóskáp er inni í skólagjöldum
- ✓ Mötuneyti skólans er opið 9:00 – 15:45. Heit máltíð kostar 850 kr, hægt að kaupa 10 matarmiða á 7600kr. Samlokur, pasta, hafragrautur o.fl. Er einnig í boði. Nemendur geta komið með nesti, örbylgjuofn og samlokugrill á staðnum





# Upplýsingatækniver/bókasafn

- ✓ Upplýsingatækniver/bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur skólans
- ✓ Góð vinnuaðstaða er fyrir nemendur á verinu/safninu
- ✓ Nemendur geta prentað þar út og ljósritað en nemendur fá úthlutað prentkvóta í byrjun annar
- ✓ Tölvuþjónusta skólans er staðsett á/í safninu/verinu. Þar geta nemendur fengið ýmiskonar aðstoð við vandamál sem upp koma vegna tölvumála
- ✓ Safnið/verið er opið meðan á kennslu stendur



Kærar þakkir fyrir komuna  
með von um gott samstarf á  
næstu misserum 😊